

Ed.

**361. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Af sild, er flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips, skal greiða útflutningsgjald, 25 aura af hverri tunnu (108—120 Ltr.).

2. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi, skal greiða útflutningsgjald:

|   |          |
|---|----------|
| af hverri tunnu sildarlýsis (= 105 kg) ... .. | 30 aura, |
| af hverjum 100 kg af fóðurmjöli .... ..       | 30 aura, |
| af hverjum 100 kg. af fóðurkökum ... ..       | 25 aura, |
| af hverjum 100 kg af áburðarefnum ... ..      | 15 aura. |

3. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16 frá 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.